



## SÉRSTAKIR FERÐASKILMÁLAR VEGNA NÁTTÚRUÆVINTÝRIS Í FINNLANDI

### KRÖFUR TIL ÞÁTTTAKENDA

Gengið er í þessari ferð. Erfiðleikastig er metið sem 1 af 5. Þátttakendur þurfa að vera í líkamlegu formi sem gerir þeim kleift að fylgja dagskránni.

Innifalið í ferðinni er dagspassi á Eerikkila. Aðstaða sem dagspassi veitir aðgang að er fótboltavöllur, körfubolti, badminton, blak, líkamsrækt, eimbað, klifuraðstaða, tennis, billjard, borðtennis og úti æfingarsvæði. Búnaður sem dagspassi veitir aðgang að eru göngustafir, björgunarvesti, hjálmar og hjól, höfuðljós og árabátar, ásamt klukkustunda afnot af kanó, SUP og fatbike hjóli.

Vinsamlegast athugið að þar sem aðstaða og búnaður er notaður á eigin vegum er nauðsynlegt að þátttakendur hafi kunnáttu til að nýta þá aðstöðu eða búnað sem þeir velja. Fyrir þá sem hafa áhuga á einhverju en ekki kunnáttu til þá er hægt að fá leiðbeinanda til þess að kenna á búnaðinn í einn eða fleiri klukkutíma fyrir auka gjald.

### GREIÐSLU SKILMÁLAR

Ferð telst staðfest þegar búið er að greiða staðfestingargjald sem greiðist við bókun og er óendurkræft.

Staðfestingargjald í þessa ferð er kr. 30.000,-  
Lokagreiðsla greiðist 65 dögum fyrir brottför

### AFBÓKUNARREGLUR

Allar greiðslur eru óendurkræfar.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SKILMÁLA Í FERÐUM HEILLANDI HEIMS ER AÐ FINNA NEÐST Á  
HEIMASÍÐUNNI UNDIR “SKILMÁLAR”**

## Kreditkort – Reglur sem gilda um tryggingar sem fylgja kreditkortum

Ekki þarf að nota greiðslukort til greiðslu á hluta eða heild ferðar til þess að kortatrygging verði virk. Einungis þarf að gæta þess að vera með kortið með í ferð. Við viljum hins vegar benda ykkur á að hafa samband við tryggingafélagið þitt til að kanna hvað er innifalið í kortatryggingu þinni til að ganga úr skugga um að sú trygging dugi eða hvort þörf sé á að kaupa viðbótar ferðatryggingu hjá tryggingafélagi þínu.

Ekki hika við að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna.

Ef nánari upplýsinga er óskað vinsamlegast sendið tölvupóst á [info@heillandiheimur.is](mailto:info@heillandiheimur.is).

## Vegna Covid-19

Reglur um ferðalög breytast ört á tímum Covid-19. Fyrir ferð er nauðsynlegt að fylgjast með breytingum yfirvalda í því landi sem ferðast á til og gæta þess að farið sé eftir þeim reglum sem í gildi eru hverju sinni. Þetta á bæði við um reglur sem gilda á áfangastað og við heimkomu til Íslands. Við viljum minna á að það er á ábyrgð farþega að tryggja að öll nauðsynleg skjöl séu meðferðis og að þau uppfylli þær kröfur sem gerðar eru.

Íslenskar reglur og ráðleggingar:

[Reglur á Íslandi í vegna Covid-19](#)

[Forskráning inn í landið fyrir heimkomu](#)

[Embætti Landlæknis - Ráðleggingar til þeirra sem ferðast erlendis](#)

Upplýsingar um ferðalög til Finnlands og reglur vegna Covid-19:

[Visit Finland - Covid-19 upplýsingar](#)

[Landamærareglur í Finnlandi](#)

[Heilbrigðisstofnun Finnlands - Ferðalög og Covid-19](#)